

Titill brautar:	Námsleið:
Listmálarabraut	viðbótarnám við framhaldsskóla

Lýsing:

Nám á listmálarabraut er tveggja ára nám í málalísta þar sem áhersla er lögð á að nemandinn kynnist öllum helstu aðferðum og tæknibrögðum málalístarinnar. Rík áhersla er lögð á hugmyndavinnu í allri verklegri vinnu nemandans og fræðilegt nám á brautinni miðar að því að dýpka fagþekkingu nemandans, auka víðsýni hans og efla kjark til frekari rannsókna og tilrauna með miðilinn. Að loknu námi getur nemandi sótt um að ljúka BA gráðu við listaháskóla og er þá undir viðkomandi háskóla komið hvort og þá að hve miklu leyti námið er metið til háskólaeininga.

GRUNNUPPLÝSINGAR MEGINATRÍÐI BRAUTARLÝSINGAR

Inntökuskilyrði:

Inntökuskilyrði á brautina er stúdentspróf af listnámsbraut eða sambærileg menntun. Umsækjendur skila inn skissubókum og möppu með sýnishornum af eigin verkum. Umsækjendur eru ennfremur kallaðir í viðtal við inntökunefnd.

Skipulag:

Nám í málalísta er 120 framhaldsskólaeiningar þar sem nemandi tileinkar sér hæfni á fjórða þrepi. Náminu er skipt í fjóra jafnstóra hluta og er á hverri önn um sig unnið út frá einum grunnþætti sem leiddur er í ólíkar háttir. Með þessum hætti eru möguleikar viðfangsefnisins skoðaðir frá fjölbreyttum sjónarhornum og opnað fyrir nýjar leiðir að efni og aðferðum. Vettvangur er skapaður fyrir frjóa umræðu þar sem kallaðir eru inn fræðimenn og fagfólk úr ólíkum áttum til að gefa innsýn inn í umfjöllunarefnið og skoðuð eru tengsl við söguna og samfélagið, nær og fjær. Hverri önn lýkur með verkstæðisáfangi þar sem nemandi vinnur sjálfstætt að eigin verkum. Námið er að stórum hluta verklegt en u.þ.b. fjórðungur af öllum áföngum er fræðilegt nám. Í fræðilegum áföngum er málalístin rannsökuð í fjölbreyttu ljósi. Áfangar eru ýmist kenndir reglubundið yfir önnina eða í samfelldum námslotum.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeim námsmarkmiðum sem sett eru fram í áfangalýsingu. Í kennslulýsingu er kveðið á um verkefnaskil og með hvaða hætti mat verður lagt á vinnu nemenda í áfanganum. Umgjörð námsmats er útfærð í skólanámskrá en námsmat við skólann byggir á símati með

áherslu á fjölbreyttar matsleiðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Í verklegu námi tekur matið í senn til hæfni nemenda í viðkomandi grein og getu þeirra til að tjá sig og fjalla um viðfangsefnið skriflega, munnlega eða með öðrum hætti. Auk einkunnar fá nemendur leiðbeinandi umsögn við lok flestra áfanga. Í samráði við námsráðgjafa eru fundnar leiðir til úrlausnar verkefna fyrir nemendur sem greindir hafa verið með tiltekna námsörðugleika.

Starfsnám:

Reglur um námsframvindu:

Til að ljúka áfanga þarf nemandi að fá einkunnina 5. Nánar er kveðið á um námsframvindu og ástundun í skólanámskrá.

Hæfniviðmið:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- vinna sjálfstætt að skilgreindum verkefnum
- vinna markvisst að þróun hugmynda
- beita faglegum vinnubrögðum
- miðla listrænni sýn og metnaði í verkum sínum
- eiga í góðum samskiptum við fólk og geta unnið í nánú samstarfi með öðrum
- miðla upplýsingum um eigin verk með greinargóðum hætti
- viðhalda þekkingu sinni og þjálfun með því að fylgjast með nýjungum, viðburðum og umræðu á sínu sviði
- gera sér grein fyrir ábyrgð listamannsins/hönnuðarins gagnvart samfélagi og umhverfi
- þekkja starfsumhverfi í sínu fagi og fjölbreyttar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri
- umgangast vandmeðfarin efni af ábyrgð
- umgangast verkfæri og tæki og viðhalda verkstæði af ábyrgð og skynsemi

Annir, áfangar, einingar

Klassískar aðferðir		
HUGM4MK03	Klassískar aðferðir	3
LIFR4PM04	Þróunarsaga málalistar	4
MÁLS4MK04	Klassískar aðferðir	4
MÁLV4KA06	Klassískar aðferðir	6
MÓMÁ4KA03	Klassískar aðferðir	3
STAR4SM01	Starfsvettvangur myndlistar	1
VSTÆ4MK09	Klassískar aðferðir	9
		30
Líkaminn í málverkinu		
HUGM4ML03	Líkami málverksins	3
LIFR4LM04	Líkaminn í málverkinu	4
MÁLS4ML04	Líkami málverksins	4
MÁLV4LM06	Líkaminn í málverkinu	6
MÓMÁ4LM03	Líkaminn í málverkinu	3
VSTÆ4ML10	Líkami málverksins	10
		30
Tilraunir með málverkið		
NÁMS4NF05	Námsferð	5
LIFR4GS01	Gagnrýnin skrif	1
MÁLS4MT04	Tilraunir með málverkið	4
MÁLV4TM06	Tilraunir með málverkið	6
MAPP4MG01	Möppugerð	1
MÓMÁ4TM03	Tilraunir með málverkið	3
VSTÆ4MT10	Tilraunir með málverkið	10
		30
Samræða við samtímann		
HUGM4MS03	Samræða við samtímann	3
LIFR4SS04	Samræða við samtímann	4
MÁLS4MS04	Samræða við samtímann	4
MÁLV4SS06	Samræða við samtímann	6
MÓMÁ4SS03	Samræða við samtímann	3
VSTÆ4MS10	Samræða við samtímann	10
		30
Einingar brautar alls		120

Áfangar á listmálarabraut

Námsgrein: Hugmyndavinna

HUGM4MK03 Klassískar aðferðir

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu í málverki og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á samband hugmyndavinnu við klassískar aðferðir í málralist.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í málverki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í gerð listaverka
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli í listaverki
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistökin sín í málverki

HUGM4ML03 Líkaminn í málverkinu

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir við úrvinnslu hugmynda og eflir sjálfstæð vinnubrögð. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda annar vegar og efniskenndar, tækni og aðferðafræði í málralist hinsvegar. Nemandinn leysir

ýmis verkefni til að víkka sýn sína, dýpka og þróa hugmynd. Nemandinn rannsakar efni og aðferðir og kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum mismunandi verkfæra og aðferða í hugmyndavinnu
- skipulegum efnisrannsóknum í hugmyndavinnu
- fjölbreyttum leiðum til að koma hugmyndum í efni
- mikilvægi hugmyndavinnu í allri listrænni vinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skipulegum og skapandi hætti
- gera tilraunir með efniskennd, tækni og aðferðir
- útskýra samband hugmynda sinna við efniskennd, tækni og aðferðir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir sambandi milli hugmynda, hráefnis, efniskenndar, aðferðar og listrænnar sköpunar
- dýpka vinnuferli sitt með markvissri hugmynda- og rannsóknarvinnu
- nýta sér efnafræðilegar rannsóknaraðferðir til þess að skerpa á og halda utan um hugmyndir
- bæta úrvinnslu, persónuleg efnistöð og áferð málverka sinna
- greina ferilvinnu í listaverki

HUGM4MS03 Samræða við samtímann

Lýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu. Lögð er áhersla á samband á milli hugmynda og umfjöllunarefnis málverks. Nemandinn notar hugmyndavinnu til að efla sjálfstæð vinnubrögð og dýpka sitt persónulega myndmál og kynnist m.a. samvinnuaðferðum sem ýmsir samtímalistamenn beita. Í áfanganum er lögð áhersla á samræðu við samtímann með tilvísunum í dægurmál.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- notkun dægur- og fjölmiðla við að örva hugmyndavinnu og vinnuferli
- mikilvægi samvinnu og samræðu við að dýpka hugmyndavinnu
- skapandi textaskrifum í hugmyndavinnu fyrir myndræna útfærslu
- helstu aðferðum í hugmyndavinnu í tengslum við sjálfstæða listsköpun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér samvinnu til þess að skerpa á hugmynd, bæta úrvinnslu og styrkja persónulegt myndmál
- setja hugmyndir sínar í samhengi við þjóðfélagssumræðu á hverjum tíma
- tileinka sér ólíkar aðferðir í hugmyndavinnu
- beita sjálfstæðum vinnubrögðum í ferilvinnu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja vinnuferli og beita viðeigandi hugmyndavinnuaðferð hverju sinni
- bregðast við dægurmálum með beittri hugmyndavinnu og útfæra niðurstöðu á myndrænan hátt
- losa um sköpunarstíflur með markvissri hugmyndavinnu
- beita fjölbreyttum aðferðum í feril- og hugmyndavinnu í tengslum við eigin listsköpun

Námsgrein: Listfræði

LIFR4PM04 Þróunarsaga málaralistar

Lýsing

Viðfangsefni áfangans er þróunarsaga málaralistar. Markmiðið er að nemandinn kynnist helstu stefnum og hugmyndum í málaralist sem og fræðilegum kenningum um myndlist almennt. Fjallað er um helstu strauma og stefnur í málverki og teikningum og rýnt í fjölbætt efnistöð, tækni og aðferðir. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum málaralistar
- helstu fræðilegu kenningum um efni og eðli málaralistar
- sögulegri þróun málverks í tengslum við menningarsögu
- mismunandi myndmáli og aðferðum listmálara

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi hugtök til að útskýra efni og eðli málverka
- vitna til fræðikenninga um málaralist og eðli málverks
- greina myndmál, aðferðafræði og/eða hugmyndafræði málaralistar eftir ólíkum tímasteiðum í menningar- og hugmyndasögu
- setja myndmál og aðferðir í samhengi við ólíkar fræðigreinar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja hugmyndir um málverk við tímabil í mannkynssögunni
- fjalla um málverk út frá kenningum í listfræði og heimspeki
- nota heimildir á sjálfstæðan hátt og fjalla á gagnrýninn hátt um málverk
- draga sjálfstæðar ályktanir um málralist og rökstyðja skoðanir sínar með því að vísa til verka listmálara og fræðimanna

LIFR4LM04 Líkaminn í málverkinu

Lýsing

Markmið áfangans er að skoða líkama málverkens sem viðfangsefni málralistarinnar í samhengi við almenna mannkyns- og hugmyndasögu. Sjónum er beint að þróun í efnistöku og tæknilegri þekkingu listamanna við að varpa ljósi á ólíka þætti málverksins. Nemandinn kynnist fjölbreyttri túlkun listamanna og fræðilegum kenningum sem fjalla um málverk. Nemandinn öðlast þjálfun í að greina táknmyndir og efnistöku listmálara til að tjá hugmyndir sínar. Áhersla er lögð á að tengja hugmyndir um málverk og ólíkar fræðigreinar og skoða málverk sem mynd og handan myndar og flatar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum málralistar
- helstu fræðilegu kenningum um efni og eðli málralistar
- sögulegri þróun málverks í tengslum við menningarsögu
- mismunandi myndmáli og aðferðum listmálara

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi hugtök til að útskýra efni og eðli málverka
- vitna til fræðikenninga um málralist og eðli málverks
- greina myndmál, aðferðafræði og/eða hugmyndafræði málralistar eftir ólíkum tímasteiðum í menningar- og hugmyndasögu
- setja myndmál og aðferðir í samhengi við ólíkar fræðigreinar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja hugmyndir um málverk við tímabil í mannkynssögunni
- fjalla um málverk út frá kenningum í listfræði og heimspeki
- nota heimildir á sjálfstæðan hátt og fjalla á gagnrýninn hátt um málverk

- draga sjálfstæðar ályktanir um málalísta og rökstyðja skoðanir sínar með því að vísa til verka listmálara og fræðimanna

LIFR4GS01 Gagnrýnin skrif

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um ritað mál og orðanotkun myndlistar- og fræðimanna. Nemendur kynna sér annars vegar texta sem skrifaðir eru af listamönnum og umjöllun fræðimanna um myndverk listamanna hinsvegar. Nemendur huga að því hvernig texti hefur áhrif á hugverk sem hann stendur með og lögð er áhersla á mikilvægi þess að nemendur geri sér grein fyrir því hvernig nota má ritað mál bæði til að túlka og auka gildi verka. Fjallað er um mismuninn á skrifum sem byggja á smekksdómum og fræðilega greinandi skrifum um listaverk. Áhersla er lögð á að nemendinn geri sér grein fyrir tengslum myndlistar og kenninga á öðrum sviðum, s.s. sálfræði, heimspeki, raunvísinda eða annarra fræðigreina.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- möguleikum sem felast í því að nýta texta við eigin listsköpun
- fjölbreyttri textanotkun myndlistamanna og fræðimanna í skrifum um listaverk
- mismun á smekksdómum og fræðilega rökstuddum dómum í ritaðri umfjöllun um listaverk

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa persónulegan og greinandi texta um eigin listaverk
- skrifa gagnrýninn texta um listaverk
- byggja upp texta og tengja við önnur listaverk eða kenningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa um eigin listaverk
- skrifa um samhengi myndlistar og fjölbreyttra fræðikenninga
- gagnrýna listaverk á rökstuddan hátt í rituðu máli

LIFR4SS04 Samræða við samtímann

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um myndlist samtímans og helstu hugmyndir fræðimanna um greinina kynntar. Leitast er við að varpa ljósi á framvindu þessa tímabils. Farið er yfir megin miðla og formgerðir í samtímalist. Efnistöð einstakra listamanna sem hafa látið til sín taka í málalísta eru kynnt og lögð áhersla á að tengja málverkið við nýja miðla og aðferðir listarinnar, s.s. umhverfislist, innsetningar, gjörninga og skjálist. Hlutverk málverksins innan samtímamyndlistar er skoðað í ljósi félagslegrar

umræðu og aðstæðna og fjallað um listamenn sem brugðist hafa við dægurmálum með því að tjá hugmyndir sínar í málverki.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum samtímalistar
- helstu fræðilegu kenningum um efni og eðli samtímalistar
- sögulegri þróun málverks í tengslum við menningarsögu
- mismunandi myndmáli og aðferðum samtímalistamanna.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi hugtök til að útskýra efni og eðli samtímalistar
- vitna til fræðikenninga um málalag og eðli málverks
- greina myndmál, aðferðafræði og/eða hugmyndafræði samtímalistar eftir ólíkum tímasteiðum í menningar- og hugmyndasögu
- setja myndmál og aðferðir í samhengi við ólíkar fræðigreinar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja hugmyndir um málverk við tímabil í mannkynssögunni
- fjalla um málverk út frá kenningum í listfræði og heimspeki
- nota heimildir á sjálfstæðan hátt og fjalla á gagnrýninn hátt um samtímalist
- draga sjálfstæðar ályktanir um málalag og rökstyðja skoðanir sínar með því að vísa til verka listmálara og fræðimanna

Námsgrein: Möppugerð

MAPP4MG01 Möppugerð

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur tileinki sér aðferðir við að halda utan um og hafa yfirsýn yfir gögn um eigin verk. Nemandinn fær leiðsögn í að taka og vinna myndir af verkum sínum. Ennfremur fær nemandinn leiðbeiningar um hönnun möppu, uppsetningu á ferilskrá og ritun yfirlýsingar listamanns um eigin verk. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandinn leggi sjálfstætt mat á eigin vinnu og velji lykilverk til að koma á framfæri í möppu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að halda skrá um verkefni og verk

- mismunandi aðferðum við að ljósmynda verk eftir eðli þeirra
- mismunandi aðferðum við að hanna möppu
- mikilvægi þess að velja gott úrval verka í möppu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- halda utan um og skrá verk sín
- ljósmynda málverk sín
- hanna möppu
- setja upp ferilskrá og skrifa yfirlýsingu listamanns

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- mynda og skrásetja verk sín
- skrifa yfirlýsingu listamanns fyrir eigin möppu
- hanna möppu sem hentar eigin verkum
- velja lykilverk úr eigin verkum til að setja í möppu

Námsgrein: Málstofa

MÁLS4MK04 Klassískar aðferðir

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í málalísta og varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli listarinnar. Nemandinn fer í vettvangsferðir og rýnir í fjölbreytta menningarviðburði. Nemandinn skoðar málalístinu og rýnir í hugmyndir, viðhorf og verk ólíkra lista- og fræðimanna. Verk nemandans sjálf eru skoðuð og rædd með gagnrýnum hætti. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hins vegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu og málverk
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með klassískar aðferðir í málalísta
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur í málalísta
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um málverk út frá hugmyndum um klassískar aðferðir
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um listaverk í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli listarinnar
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin málverk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um málverk
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4ML04 Líkaminn í málverkinu

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í málralist og varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli listarinnar. Nemandinn fer í vettvangsferðir og rýnir í fjölbreytta menningarviðburði. Nemandinn skoðar málralistina og rýnir í hugmyndir, viðhorf og verk ólíkra lista- og fræðimanna. Verk nemandans sjálfs eru skoðuð og rædd með gagnrýnum hætti. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hinsvegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu og málverk
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með klassískar aðferðir í málralist
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur í málralist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um málverk út frá hugmyndum um klassískar aðferðir
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um listaverk í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli listarinnar
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin málverk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um málverk
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4MT04 Tilraunir með málverkið

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í málralist og varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli listarinnar. Nemandinn fer í vettvangsferðir og rýnir í fjölbreytta menningarviðburði. Nemandinn skoðar málralistina og rýnir í hugmyndir, viðhorf og verk ólíkra lista- og fræðimanna. Verk nemandans sjálfs eru skoðuð og rædd með gagnrýnum hætti. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hinsvegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu og málverk
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með klassískar aðferðir í málralist
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur í málralist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um málverk út frá hugmyndum um klassískar aðferðir
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um listaverk í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli listarinnar
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin málverk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um málverk
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4MS04 Samræða við samtímann

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í málalartist og varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli listarinnar. Nemandinn fer í vettvangsferðir og rýnir í fjölbreytta menningarviðburði. Nemandinn skoðar málalartistina og rýnir í hugmyndir, viðhorf og verk ólíkra lista- og fræðimanna. Verk nemandans sjálfs eru skoðuð og rædd með gagnrýnum hætti. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hinsvegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu og málverk
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með klassískar aðferðir í málalartist
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur í málalartist
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um málverk út frá hugmyndum um klassískar aðferðir
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um listaverk í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli listarinnar
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin málverk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um málverk
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

Námsgrein: Málverk

MÁLV4KA06 Klassískar aðferðir

Lýsing

Í námskeiðinu kynnist nemandinn grundvallaratriðum í olíumálun og vatnsuppleysanlegri málningu. Nemandinn fræðist um hvernig á að undirbúa flöt fyrir málverk, strekkja léreft á blindamma og þekkja mismunandi eiginleika lérefts og ólíkra grunnefna. Nemandinn lærir að beita ólíkum áhöldum og fræðist um helstu atriði lita- og efnaþróunar í tengslum við notkun á olíumálningu, vatnslit og akrílmálningu. Áhersla er lögð á uppbyggingu málverks, efnafræði og litablöndun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hegðun lérefts við strekkingu á blindamma og hvernig það bregst við ólíkri grunnmálningu
- helstu hefðbundnu áhöldum sem notuð eru í málalist
- grundvallaratriðum á efna- og litablöndun í málverki
- grundvallaratriðum í hegðun ólíkra efna sem notuð eru fyrir áferð í málverki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- strekkja léreft og grunna

- beita hefðbundnu efni og áhöldum í olíumálun, akrílmálun og vatnslitamálun
- nota heiti yfir klassísk áhöld og efnablöndur fyrir málverk
- tengja hegðun efna í málralist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita góðum vinnubrögðum við frágang á fleti undir málverk
- beita hefðbundnum áhöldum í málverki á faglegan hátt
- nýta reglur lita- og efnablöndunar á persónulegan hátt
- nýta muninn á samvinnu og átökum ólíkra efna í útfærslu á málverki

MÁLV4LM06 Líkaminn í málverkinu

Lýsing

Í námskeiðinu er áhersla lögð á formbyggingu og formleysu málverks, íblöndunarefni og ólík áhrif þeirra á málverkið. Farið er yfir helstu reglur geómetríunnar um formbyggingu myndar og hvernig listmálarar hafa notað þær við formfræðilega uppbyggingu málverka sinna. Nemandinn gerir tilraunir með formúlur sem einkenna myndbyggingu klassískra málverka. Nemandinn kynnist áhrifum mismunandi íblöndunarefna þegar þau komast í samband við olíu og akríl. Nemandinn rannsakar hegðun ólíkra efna á myndfleti og hvernig íblöndunarefni geta ýkt ákveðin form eða myndbyggingu. Nemandinn kynnist muninum á formbyggingu og formleysu og gerir tilraunir með uppbyggingu áferðar á formlausum fleti.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- geometrískum reglum og notkun þeirra í formbyggingu mynda
- hvernig geometría birtist í formbyggingu margra helstu málverka listasögunnar
- helstu íblöndunarefnum fyrir olíu- og akrílmálningu
- áhrifum íblöndunarefna á áferð og formbyggingu myndflatar málverks

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita reglum geometríu við að byggja upp mynd
- beita íblöndunarefnum við að móta áferð í málverki
- velja íblöndunarefni til að skapa áferð
- greina ólíkar aðferðir og efnisnotkun í málverki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta reglur geometríunnar á persónulegan hátt
- nýta íblöndunarefni á persónulegan hátt

- vinna með áferð og formleysu í málverki
- leggja mat á gæði málverka á grundvelli myndbyggingar og efnisnotkunar

MÁLV4TM06 Tilraunir með málverkið

Lýsing

Í námskeiðinu kynnist nemandinn margs konar blandaðri tækni við gerð málverka en áhersla er lögð á tilraunir með fjölbreyttar samsetningar, þrykkækni, jarðefni og lífræn efni. Farið er yfir eiginleika ýmis konar samsetninga og hvernig hægt er að nota aðskotahluti við uppbyggingu málverks. Nemandinn kynnist fjölbreyttri tækni sem hægt er að flétta inn í olíu- og akrílmálverk. Nemandinn kynnist jafnframt margs konar jarðefnum og lífrænum efnum sem hægt er að blanda í olíu og akríl.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum samsetningarmöguleikum og notkun aðskotahluta í málverki
- helstu þrykkækni fyrir málverk, s.s. einþrykki og silkiþrykki
- áhrifum ýmissa jarðefna og lífrænna efna á áferð og efniskennd málverks
- helstu tilrauna- og rannsóknaraðferðum með samsetningu á lífrænu og ólífrænu efni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota fundið efni og aðskotahluti við uppbyggingu málverks
- nota þrykkækni við uppbyggingu málverks
- nota jarðefni og lífræn efni við uppbyggingu málverks
- nota tilraunir og rannsóknir til að dýpka skilning sinn á málralist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta aðferðir þrykkækninnar til að auka möguleika sína í málralist
- nýta fundna hluti og blandaða tækni til að auka möguleika sína í málralist
- tileinka sér tilraunakennt vinnu- og rannsóknarferli með jarðefni og lífræn efni
- leggja mat á gæði verka sem unnin eru með blandaðri tækni

MÁLV4SS06 Samræða við samtímamann

Lýsing

Í áfanganum er áhersla lögð á síðari tíma aðferðir í málralist, s.s. stafræna tækni, hvort sem málað er í tölvu eða stafrænar myndir eru nýttar með öðrum hætti í tengslum við olíu, akríl, vatnsliti eða teikningu. Nemandinn kynnist frásagnarmálverki og pólitískri list þar sem inntak málverksins er skoðað í samhengi

við þjóðfélags- og menningarmál samtímans. Sjónum er beint að málverkinu sem viðbragði við málefnum líðandi stundar. Farið er yfir ýmis tákni og tákmyndir í samtímanum og þau borin saman við forn tákni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu aðferðum við að mála í tölvu
- notkun stafrænna mynda í tengslum við olíu-, akríl- og vatnslitamálverk
- ýmsum táknum og tákmyndum í fortíð og samtíma og breytingum sem orðið hafa á merkingu ýmissa þekktra tákna í tímans rás
- frásagnarmálverki og pólitískri list

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- mála í tölvu
- nota stafrænar myndir í tengslum við olíu-, akríl- og vatnslitamálverk
- nota tákni og tákmyndir í málverki
- spegla samtímleg málefni í málverki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta stafrænar aðferðir í samspili við klassískar aðferðir
- lesa í merkingu tákna og tákmynda og greina merkingu þeirra eftir tímaskeiðum listasögunnar
- fjalla um samtímaleg málefni með gagnrýnum hætti í frásagnarmálverki
- leggja mat á gæði í stafrænu málverki

Námsgrein: Módelmálun

MÓMÁ4KA03 Klassískar aðferðir

Lýsing

Í áfanganum er lifandi módel notað sem fyrirmynd. Markmiðið er að dýpka skilning nemenda á þáttum sem mestu skipta við teikningu og málun mannlíkama. Nemendur þjálfu kunnáttu sína í aðferðum til að mæla hlutföll mannlíkamans. Ýmist er unnið með styttri stöður módel, þar sem áhersla er á heildarsýn eða lengri stöður þar sem auknar kröfur eru til mælinga og nákvæmni. Nemendur skoða dæmi úr listasögu og samtíma um hvernig mannlíkaminn hefur verið ríkjandi viðfangsefni myndlistarmanna í gegnum tíðina.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum til að mæla stærðir og hlutföll og byggja upp mynd af mannlíkamanum
- mikilvægustu formrænu og litafræðilegu þáttum mannlíkamans
- mótun mannlíkamans með línu, fleti og skyggingum
- vægi mannlíkamans sem viðfangsefni í málalalist

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fanga þyngdarpunkta líkama og líkamshluta í mynd
- teikna og mála mannlíkamann eftir fyrirmynd, bæði í löngum stöðum og styttri
- forma mannlíkamann á sannfærandi hátt í teikningu og málverki
- ræða hugtök og heiti klassískra stellinga móðels

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- mæla hlutföll mannlíkamans
- sjá og skilgreina form mannlíkamans
- gera grein fyrir samspili forma og lita mannlíkamans í málverki
- gera grein fyrir margvíslegri birtingarmynd mannlíkamans í málalalist
- setja teikningar og málverk af mannlíkamanum í sögulegt samhengi

MÓMÁ4LM03 Líkaminn í málverkinu

Lýsing

Í áfanganum er lifandi módel notað sem fyrirmynd. Markmið áfangans er að auka færni nemenda í að teikna og mála mannlíkamann. Lögð er áhersla á áferð og anatómíu til að dýpka skilning nemenda á þeim þáttum sem mestu skipta fyrir birtingarmynd mannlíkamans. Nemendur læra um helstu bein og vöðva sem móta mannlíkamann og áferð sem skapar tilfinningu fyrir holdi. Nemendur skoða dæmi úr listasögu og samtíma um það hvernig anatómía hefur birst í verkum myndlistarmanna í gegnum tíðina.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægustu þáttum í anatómíu mannlíkamans, beina- og vöðvabyggingu
- efniskennnd mannlíkamans
- orðaforða anatómíu
- vægi líkamans sem viðfangsefni í málalalist

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita ólíkum áhöldum til að ná fram mismunandi áferð í málverki af mannlíkamanum
- beita litatönum til að ná fram dýpt í húð mannlíkamans í málverki

- skapa líkamlega efniskennd í málverki
- beita hugtökum og reglum anatómíu í umfjöllun um mannlíkamann í málalalist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera grein fyrir beina- og vöðvabyggingu mannlíkamans í málverki
- lýsa beina- og vöðvabyggingu mannlíkamans með orðum
- gera grein fyrir áhrifum áferðar og efniskenndar á ásýnd mannlíkamans
- beita rannsóknum á anatómíu til að þróa færni sína í módelmálverki

MÓMÁ4TM03 Tilraunir með málverkið

Lýsing

Í áfanganum er lifandi módel notað sem fyrirmynd. Markmið áfangans er að nemandinn fái tækifær til tilrauna í því skyni að styrkja persónulega nálgun sína við módelteikningu og módelmálun. Unnið er með hreyfingu líkamans og áhrif hennar á teikninguna og málverkið. Lögur og sveigjanleiki líkamans eru tekin til skoðunar og líkamshlutar afmarkaðir í form. Áhersla er lögð á að nemendur rannsaki eðli mannlíkamans og kynnist margbrotnum túlkunarmöguleikum í tengslum við rýmiskennd og líkama í rými. Nemendur skoða dæmi úr listasögu um það hvernig myndlistarmenn hafa víkkað út og brotið upp form mannlíkamans í listrænum tilgangi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægustu þáttum í lögum, hreyfigetu og sveigjanleika líkamans
- stærðarhlutföllum líkamans og lögum einstakra hluta hans
- þrívíddar- og rýmishugsun í módelmálverki
- formrænum tilraunum og rannsóknum á mannlíkamanum sem viðfangsefni í málalalist

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- túlka hreyfingu á tvívíðum fleti
- ýkja og hlutgera ákveðna hluta líkamans
- túlka rými með mannlíkamanum
- nýta sér rannsóknir og tilraunir til að efla þekkingu sína á mannlíkamanum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera grein fyrir hreyfingu mannlíkamans í málverki
- gera grein fyrir stærðarhlutföllum líkamans í samhengi við rými
- nýta eigin rýmiskennd til að skapa tilfinningu fyrir þrívídd í módelmálverki

- nota tilraunir og rannsóknir til að þróa færni sína í módelmálverki

MÓMÁ4SS03 Samræða við samtímann

Lýsing

Í áfanganum er lifandi módel notað sem fyrirmynd en einnig unnið með ljósmyndir og aðrar fyrirmyndir. Markmið áfangans er að auka færni nemandans í módelmálun og að dýpka skilning hans á vægi mannlíkamans í samtímalist. Markvisst er unnið með samspil módels og umhverfis og áhrif þess á málverkið. Nemendur rannsaka fas ólíkra manngerða og skoða dæmi úr listasögu um hvernig myndlistarmenn túlka manngerðir í málverki.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvernig samfélagsleg staða endurspeglast í fasi fólks
- mikilvægustu þáttum í notkun ljósmynda fyrir módelmálun
- samspili mannlíkama og umhverfis í módelmálun
- ólíkum manngerðum og möguleikum á að túlka stöðu manneskju í málverki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- túlka manngerð í málverki
- nýta ljósmyndir við gerð málverka af mannlíkamanum
- vinna með samræmi milli módels og umhverfis í málverki
- nýta sér rannsóknir á manngerðum til að efla þekkingu sína á mannlíkamanum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera grein fyrir manngerð í módelmálverki
- nota ljósmyndir í módelmálverki
- gera grein fyrir fasi í módelmálverki
- nota rannsóknir á manngerðum og umhverfi til að þróa færni sína í módelmálverki

Námsgrein: Náms- og starfsval

NÁMS4NF05 Námsferð

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist góða yfirsýn yfir eigin starfsmöguleika og frekari námstækifæri að loknu námi á brautinni. Nemandinn tekur þátt í ferð til eins eða tveggja landa í Evrópu og heimsækir skóla, söfn, sýningar, gallerí og fyrirtæki sem tengjast greininni. Nemandinn fær innsýn í

samskiptaferla innan greinarinnar og tækifæri til að eiga samskipti um fagið á erlendu tungumáli. Áhersla er lögð á markvissan undirbúning og úrvinnslu upplýsinga úr námsferðinni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum menningarstofnunum á sviði myndlistar, hönnunar og listhandverks, s.s. skólum, söfnum og fyrirtækjum
- mikilvægi þess að kynna sér náms- og starfsframboð erlendis
- ýmsum samskiptaferlum sem tíðkast innan greinarinnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna persónulega ferðafrásögn byggða á heimildaröflun og skrásetningu á hughrifum
- ræða á erlendu tungumáli um fagið við fagfólk innan greinarinnar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja sér raunhæf markmið um nám og störf í framtíðinni, bæði hérlendis og erlendis

Námsgrein: Starfsumhverfi og vinnustaðakynning

STAR4SM01 Starfsvettvangur myndlistar

Lýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn starfsumhverfi myndlistarmanna. Nemandinn hittir fagfólk úr fjölbreyttum myndlistartengdum starfsgreinum, s.s. sýningastjóra, safnstjóra, umsjónarmenn gallería, fulltrúa hagsmunasamtaka og ýmsa aðra sérfræðinga. Sjónum er beint að sambandi atvinnulífs og myndlistar og áhersla lögð á að nemandinn kynnist mikilvægum þáttum í atvinnuumhverfi listmálara, s.s. sýningarstarfsemi, styrkjakerfi, höfundarrétti og starfsemi hagsmunasamtaka. Ennfremur er fjallað um rekstrar- og skattaumhverfi myndlistarmanna.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tengslum atvinnulífs og myndlistar
- mismunandi rekstri og starfsemi sýningarstaða fyrir myndlist, s.s. opinberra safna, listamannarekinna sýningarrýma og gallería
- þætti hagsmunasamtaka í réttindamálum myndlistarmanna
- rekstrar- og skattaumhverfi myndlistarmanna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina tengsl atvinnulífs og myndlistar
- tengja eigin listsköpun við sýningarstarfsemi opinberra safna, listamannarekinna sýningarrýma og gallería
- nýta sér starfsemi hagsmunasamtaka um réttindi myndlistarmanna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir helstu þáttum í starfsumhverfi myndlistarmanna
- gera sér grein fyrir helstu þáttum sem varða rekstrar- og skattaumhverfi myndlistarmanna
- gera sér grein fyrir mismunandi rekstrargrundvelli sýningarstaða fyrir myndlist, s.s opinberra safna, listamannarekinna sýningarrýma og gallería
- gera sér grein fyrir hlutverki hagsmunasamtaka um rétt myndlistarmanna

Námsgrein: Verkstæði

VSTÆ4KA09 Klassískar aðferðir

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkstæðisvinnu. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á klassískum aðferðum en speglar jafnframt aðferðir sínar, efnistöð, hugmyndavinnu og útfærslu verka sinna í samtímanum á gagnrýninn hátt. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til málverks og að nemandinn taki gagnrýna afstöðu til eigin verka og þrói hugmyndir sínar í samræmi við aðferðir sem hann hefur tileinkað sér í náminu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listmálara á verkstæði
- tengslum milli klassískra aðferða og samtímamálverks
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til málverks
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til málverka út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til málverks og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við klassískar aðferðir annars vegar og listgildi samtímamálverkss hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4LM10 Líkaminn í málverkinu

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn dýpki sjálfstæð vinnubrögð sín á verkstæði. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en eflir um leið sjálfstæð vinnubrögð og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn leggur áherslu á áferð og efnislega formgerð málverksins við vinnu sína en speglar jafnframt aðferðir sínar, efnistöð, hugmyndavinnu og útfærslu verka sinna samtímanum. Nemandinn tekur gagnrýna afstöðu til efniskenndar eigin verka og þróar efnismeðferð sína í takt við aðferðir og hugmyndir sem hann hefur tileinkað sér í náminu. Áfanganum lýkur með opinberri sýningu á vegum skólans þar sem nemandinn sýnir sjálfstæð verk unnin undir handleiðslu kennara. Nemandinn setur fram eigin verk, útbýr kynningarefni og fylgir vinnu sinni eftir með viðveru á sýningunni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnu sjálfstætt starfandi listmálara á verkstæði
- tengslum milli efniskenndar og efnislegs forms málverks
- samræmis milli áferðar, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til efniskenndar og áferðar í eigin verkum
- vinnuferli listamanns við undirbúning, uppsetningu og eftirfylgni sýningar á eigin verkum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skapa áferð sem hentar persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- samræma áferð og efnislegt form málverks
- beita þekkingu sinni á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um áhöld og áferð
- dýpka sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til málverka út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- undirbúa, setja upp og fylgja eftir sýningu á eigin verkum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólík áhöld og beita þeim til þess að skapa mismunandi efnislegt form og áferð í málverki

- greina aðferð og áhaldanotkun út frá efnislegu formi og áferð málverks
- taka gagnrýna afstöðu til eigin verka og annarra og setja í samhengi við listgildi málverksins í samtímanum
- fjalla um áferð og efnislega formgerð eigin verka og færa rök fyrir máli sínu
- halda sýningu á eigin verkum og fylgja henni úr hlaði

VSTÆ4TM10 Tilraunir með málverkið

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn dýpki sjálfstæð vinnubrögð sín á verkstæði. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar jafnframt með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn gerir fjölbreyttar tilraunir með rými, samsetningar og blandaða tækni og skoðar eigin verk í samhengi við málverkið í samtímanum. Fjallað er um hugtökin tvívídd, þrívídd, form, rými og lögun og málverkið skoðað í ljósi síðari tíma hugmynda, s.s. um gjörninginn sem felst í því að mála. Nemandinn dýpkar gagnrýna afstöðu til eigin verka og viðhorf til málverksins sem fyrirbæris í samhengi við hugmyndir sem hann hefur tileinkað sér í náminu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkstæðinu sem vettvangi fyrir tilraunir sjálfstætt starfandi listmálara
- tengslum milli gjörnings og málverks
- hlutgervingu málverks í tengslum við rými, tvívídd eða þrívídd
- mikilvægi gagnrýninnar afstöðu í umræðu um eigin verk

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta hugmyndir um lögun, form og rými fyrir málverk í verkum sínum
- samhæfa gjörning, lögun og form málverks og eigin hugmyndir
- vinna á sjálfstæðan hátt með hugtök á borð við tvívídd, þrívídd og hlutgervingu málverksins
- dýpka sjálfstæða, gagnrýna afstöðu til málverksins út frá persónulegri þekkingu á tvívídd og þrívídd málverks

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka lögun og form, tvívídd og þrívídd í tengslum við rými málverksins
- vinna verk byggt á hugmyndinni um að gjörningurinn að mála sé megininntak málverksins
- fjalla á gagnrýninn hátt um lögun, form og rými málverksins og setja í samhengi við listgildi samtímamálverksins
- fjalla um gjörninginn að mála og ræða hann á hugmyndafræðilegum grundvelli

VSTÆ4SS10 Samræða við samtímann

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn dýpki sjálfstæð vinnubrögð sín á verkstæði. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandinn rannsaki myndmál og fjölbreyttar tákmyndir samtímamyndlistarinnar og vinni með viðfagsefni sem á erindi við líðandi stund á hverjum tíma. Nemandinn notar tákni, aðferðir og tækni sem hann hefur tileinkað sér í náminu. Nemandinn dýpkar gagnrýna afstöðu til eigin verka, skerpir á myndmáli sínu og skoðar það í samhengi við fjölbreytta tækni og hugmyndaþróun í samtímanum. Áfanganum lýkur með opinberri sýningu á vegum skólans þar sem nemandinn sýnir sjálfstæð verk unnin undir handleiðslu kennara. Nemandinn setur fram eigin verk, útbýr kynningarefni og fylgir vinnu sinni eftir með viðveru á sýningunni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkstæðinu sem vettvangi þar sem sjálfstætt starfandi listmálarar þróa myndmál sitt
- stöðu málalistar, þætti hennar og möguleikum í meginstraumum samtímamyndlistar
- mikilvægi myndmáls og tákmynda í samtímanum
- hvernig nota má myndræna frásögn til að varpa ljósi á málefni samtímans
- vinnuferli listamanns við undirbúning, uppsetningu og eftirfylgni sýningar á eigin verkum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá frásögn í myndmáli með persónulegum vinnubrögðum og vísunum í málefni samtímans
- nota þekkt myndræn tákni og setja í nýtt samhengi
- dýpka sjálfstæða, gagnrýna afstöðu til málverksins í samræmi við aukna persónulega þekkingu á tákmyndum, frásögn og myndmáli
- undirbúa, setja upp og fylgja eftir sýningu á eigin verkum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa í myndmál málverks
- gera grein fyrir helstu tákmyndum í málverki
- fjalla á gagnrýnan hátt um myndræna frásögn og tákmyndir og tengja við listgildi samtímamálverks
- fjalla um eigin málverk út frá myndrænni frásögn og tákfræði og rökstyðja í samræmi við hugmyndafræði málalistarinnar
- halda sýningu á eigin verkum og fylgja henni úr hlaði